

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Árni Helgason

Niðurstöður rafveiða í Selá í Vopnafirði
dagana 10.8 til 12.8.1987

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VAUST/8203

Árni H. Helgason

INNGANGUR.

Dagana 10 - 12 ágúst 1982 var gerð árleg seiðakönnun með rafveiðum í Selá í Vopnafirði. Samskonar athuganir hafa verið gerðar á hverju sumri síðan 1979, og er það liður í rannsóknum Veidimálastofnunar á framleiðslugetu árinna og orsökum breytileika í laxagengd milli ára, sem á sér stað í ám í þessum landshluta.

AÐFERÐIR.

Árlega er seiðamagn árinna kannað með rafveiðum á 6 - 8 stöðum í ánni. Þessar stöðvar eru þannig valdar, að þær séu einkennandi fyrir ána með tilliti til botngerðar og straumlags, og þannig endurspegli ástandið í ánni í heild. Sömu stöðvar eru veiddar á hverju ári og eru það 3-4 neðan laxastiga og 3-4 ofan hans. Staðsetning stöðvanna kemur fram í töflu 1. Öll seiði sem veiðast eru lengdarmæld og tekin eru sýnishorn af hreistri og kvörnum til aldursákvörðunar.

NIÐURSTÖÐUR.

Niðurstöður eru settar fram í töflu 1. Sýnir hún umreiknaðan fjölda seiða af hverjum árgangi miðað við 100 m² ásamt meðallengd þeirra á hverri stöð. Á mynd 1 eru veidd seiði á hinum ýmsu stöðvum sett fram í súluritum, og hver árgangur aðgreindur. Á mynd tvö má sjá samanburð á heildarveiði á 6 stöðvum í Selá 1981 og 1982.

Mælingar á sleppiseiðum frá því fyrr um sumarið, sem fengust á stöð 6 eru sýndar neðst á töflu 1.

UMRÆÐUR og ÁLYKTANIR.

Ef bornar eru saman niðurstöður rafveiða undanfarinna ára, þá

bendir það til þess, að mun minna sé af laxaseiðum í Selá nú en áður (sjá mynd 2 og fyrri skýrslur). Um einstaka árganga er það að segja, að vorgömul seiði komu hvergi fram í veiði, sem kemur ekki á óvart þar sem vorið var fremur kalt og snjóbráð gætti lengi framan af sumri. T.d. var Selá ekki komin yfir 7°C um miðjan júlí (12.7.1982), en almennt er talið, að vöxtur og þroski hjá laxaseiðum sé mjög hægur hjá laxaseiðum ef hitastig vatnsins nær ekki 7°C. Af þessum sökum er klak seint á ferðinni, og verulega undir haustveðráttu komið hversu vel seiðin úr klakinu verða undir veturinn búin.

Eins árs seiði þ.e. klak 1981 virðist vera tiltölulega veikur árgangur, og verður aðeins vart á 3 af 6 stöðvum í ánni. Leiðir það hugann að þeim möguleika, sem áður hefur verið bent á, að mjög lítið hafi verið af hrygningarfiski í ánni eftir veiðitíma 1980 og klak 1981 af þeim sökum verið lítið. Ef svo er, þá er ástæða til að vera uggandi um klak frá í vor og hrygningu nú í haust, en eins og kunnugt er, þá hefur laxagengd verið minni á undanförunum 2 árum heldur en næstu ár á undan. Væntanlega skýrast þessi atriði betur á næstu 2 árum.

Af eistöfum seiðaárgöngum er klakárgangur 1980 sterkastur af þeim sem eru í ánni nú. Þessi seiði hafa náð 7.7 cm lengd að meðaltali 10. ágúst, og ná væntanlega göngustærð haustið 1983 að verulegu leyti. Þau ganga því í sjó vorið 1984 og má því vænta aukningar í veiði 1985-1986. Árgangurinn frá 1978 var sömuleiðis sterkur árgangur, en hann er að mestu leyti farinn úr ánni. Ekki er ósennilegt að lax frá þeim árgangi skili sér á komandi sumri.

Eins og áður hefur komið fram, þá má kalla að seiði frá klaki 1979 fyrirfinnist ekki í ánni. Aðeins 1 seiði frá þeim árgangi veiddist nú í sumar.

Sem stendur virðist Selá vera mjög missetin af seiðum, og því er eðlilegt, að seiðaárgangar séu styrktir með sleppingu sumaralinnna seiða á þau svæði árinna sem lítið er af náttúrulegum seiðum. Eins og sést á töflu 1, þá veiðast seiði frá sleppingu sumarið 1982 á rafveiðistöð 6 (við Áslaugarstaði), en á þeim slóðum í ánni er hvað mest af náttúrulegum seiðum fyrir hendi og ekki ráðlegt að auka ásetning með því að sleppa seiðum á

þeim svæðum. Að áin virðist missetin af seiðum gerir það að verkum að erfiðara er um vik að sleppa í hana seiðum, þar sem eingöngu er ráðlegt að þau fari á svæði, þar sem lítið er fyrir. En þau svæði eru ekki skýrt afmörkuð, og ekki mögulegt að gera svo ítarlega athugun á ánni að svo verði, enda er viðbúið að þau séu ekki hin sömu ár frá ári. Sem stendur virðist helst að sleppa á svæði neðan laxastiga, þar sem nú er mjög lítið af seiðum, en t.d. árið 1979 var mun meira.

Veiðimálastofnun, Egilsstöðum

Arni Helgason,

Tafla 1. Laxaseiði.

Raveiðar í Selá 11 og 12 ágúst 1982. Þar sem aðeins 1 yfirferð er farin, er veiðanleiki áætlaður 30% fyrir 1.árs seið, 40% fyrir 2. og 3.ára seiði og 50% fyrir seið eldri en 3.ára.

Veiðistaður	Rafveiðisvæði m ²	Aldurs- höpur	Veiddur fjöldi	Áætlaður fjöldi á 100 m ²	Meðallengd og (staðal- frávik).
1. Við Hraungerðis- rétt 1.yfirferð	300	0	0	-	-
		1	0	-	-
		2	0	-	-
		3	0	-	-
		4	0	-	-
		5	0	-	-
Aukastöð. 200 m ofan við nýju brú 1 yfirferð	456	0	0	-	-
		1	0	-	-
		2	4	2.2	7.6 (1.02)
		3	0	-	-
		4	0	-	-
		5	0	-	-
2. 200 m ofan við gömlu brú 1 yfirferð	392	0	0	-	-
		1	4	3.4	5.3 (0.10)
		2	5	3.2	7.7 (0.96)
		3	0	-	-
		4	0	-	-
		5	0	-	-
4. 200 m ofan við laxastiga 1 yfirferð	507	0	0	-	-
		1	7	4.6	4.8 (0.45)
		2	5	2.5	7.6 (0.98)
		3	0	-	-
		4	0	-	-
		5	0	-	-
6. Við Áslaugar- staði 2 yfirferðir	540	0	0	-	-
		1	1	<1	5.2 (*)
		2	29	15.8	7.6 (0.61)
		3	1	<1	10.3 (*)
		4	6	1.5	11.4 (0.36)
		5	1	<1	13.0 (*)
8. Ofan við Leifs- staði 2 yfirferðir	684	0	0	-	-
		1	36	10.8	4.9 (0.33)
		2	35	7.9	7.7 (0.73)
		3	0	-	-
		4	1	<1	11.4 (*)
		5	1	<1	13.5 (*)
Sleppiseiði við Áslaugarstaði stöð 6 2 yfirferðir	540	0	27	13.9	7.6 (0.74)







* Aðeins 1 seiði veiddist.


Selá í Vopnafirði.

Mynd 1.

Fjöldi og lengdardreifing laxaseiða á rafveiðistöðvum í Selá 10-12 ágúst 1982

Klakárgangar

Fyrir 1976 
 1977 
 1978 
 1979 
 1980 
 1981 








Selá í Vopnafirði.

Mynd 2.

Fjöldi og lengdardreifing laxaseiða á rafveiðistöðvum í Selá 1981 og 1982.

Árgangur

- 1976 
- 1977 
- 1978 
- 1979 
- 1980 
- 1981 